

**Samkomulag
milli
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og Launaneðndar
sveitarfélaga annars vegar
og
Bandalags háskólamanna, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og
Kennarasambands Íslands f.h. aðildarfélaga sinna hins vegar
um tiltekin atriði er varða réttindi starfsmanna sem eru félagsmenn
aðildarfélaga framangreindra samtaka**

1. grein

Grein þessi tekur eingöngu til kjarasamninga fjármálaráðuneytis og Reykjavíkurborgar, að undanskildum kjarasamningum fjármálaráðuneytis við bæjarstarfsmannafélög, Landssamband lögreglumanna og Landssamband sjúkraflutninga- og slökkviliðsmanna innan BSRB.

Kafla um slysaftryggingar verði sem hér segir eftir því sem við á:

7.1 Slysaftryggingar

7.1.1 Starfsmenn skulu slysaftryggðir allan sólarhringinn fyrir dauða eða vegna varanlegrar örorku. Um trygginguna gilda mismunandi bótafjárhæðir og tryggingaskilmálar eftir því hvort starfsmaður verður fyrir slysi í starfi eða utan starfs. Um skilmála trygginga þessara gilda sérstakar reglur, annars vegar hvað varðar ríkisstarfsmenn nr. 30/1990 og nr. 31/1990 sem fjármálaráðherra hefur sett og hins vegar hvað varðar borgarstarfsmenn reglur, nr. sl.1/90 og nr. sl.-2/90 samþykktar af borgarráði þann 5. júní 1990.

7.1.2 Dánarslysabætur eru:

1. Ef hinn látni var ógiftur og lætur ekki eftir sig barn undir 18 ára aldri og hefur ekki séð fyrir foreldri eða foreldrum, 67 ára og eldri:

vegna slyss utan starfs	523.500 kr.
vegna slyss í starfi	523.500 kr.

Rétthafar þessara dánarbóta eru lögerfingjar.
2. Ef hinn látni var ógiftur en lætur eftir sig barn (börn) undir 18 ára aldri og/eða hefur sannanlega séð fyrir foreldri eða foreldrum, 67 ára og eldri:

vegna slyss utan starfs	1.603.600 kr.
vegna slyss í starfi	3.833.280 kr.

Rétthafar þessara dánarbóta eru foreldrar og börn. Taki báðir þessir aðilar bætur, rennur 1/3 hluti bóta til foreldra en 2/3 hlutar bóta skiptast milli barna að jöfnu.
3. Ef hinn látni var í hjúskap eða í sambúð sem að öðru leyti má jafna til hjúskapar og sem staðið hefur a.m.k. í 2 ár samfelld fyrir andlát hans, skulu bætur til maka eða sambúðaraðila vera:

vegna slyss utan starfs	2.193.700 kr.
vegna slyss í starfi	6.255.720 kr.

Rétthafi dánarbóta þessara er viðkomandi maki eða sambúðaraðili
4. Ef hinn látni lætur eftir sig barn undir 18 ára aldri, til hvers barns:

vegna slyss utan starfs	523.500 kr.
vegna slyss í starfi	1.251.000 kr.

Stundi barn hins látna á aldrinum 18-25 ára nám á framhaldsskóla-
eða háskólastigi í a.m.k. sex mánuði ársins er hinn tryggði andast, á
það sama rétt til bóta.

Rétthafar dánarbóta þessara eru viðkomandi börn. Bætur greiðast til
fjárhaldsmanns ófjárráða barns.

5. Með börnum í 2. og 4. tölulið er átt við kynbörn, kjörbörn,
stjúpbörn, börn sambúðaraðila og fósturbörn, sem hinn látni var
framfærsluskyldur við sbr. 53. gr. barnalaga nr. 76/2003.
6. Bætur greiðast aðeins skv. einum af töluliðum 1, 2 eða 3. Til
viðbótar við bætur skv. 2. og 3. tölulið geta komið bætur skv. 4.
tölulið.

7.1.3 Tryggingarfjárhæðir vegna varanlegrar örorku eru:

vegna slyss utan starfs	4.216.900 kr.
vegna slyss í starfi	11.125.439 kr.

Bætur greiðast í hlutfalli við tryggingarfjárhæðirnar, þó þannig að hvert
örorkustig frá 26-50% vegur tvöfalt og hvert örorkustig frá 51-100%
vegur þrefalt.

7.1.4 Framangreindar tryggingarfjárhæðir miðast við vísitölu neysluverðs í
nóvember 2004, 237,9 stig.

2. grein

Iðgjald launagreiðanda skv. gr. 3.4.1 í samkomulagi aðila um tiltekin atriði er varða
réttindi starfsmanna sem undirritað var 24. október 2000 verði 0,55% og grein 3.1.2 í
samkomulaginu fellur brott.

3. grein

Samkomulag þetta verður hluti af kjarasamningum hlutaðeigandi stéttarfélaga og
tekur gildi hvað varðar fyrstu og aðra grein þann 1. janúar 2005 en inntak
bókunarinnar tekur gildi við samþykkt kjarasamnings hlutaðeigandi stéttarfélags.

Reykjavík, 22. desember 2004

F.h. Reykjavíkurborgar

Birgir Björn Sigurjónsson (sign.)

F.h. aðildarfélaga BSRB

Ögmundur Jónasson (sign.)

F.h. fjármálaráðherra

háskólamanna

*Gunnar Björnsson (sign.)
(sign.)*

F.h. aðildarfélaga Bandalags

Halldóra Friðjónsdóttir

F.h. Launanefndar sveitarfélaga
með fyrirvara um samþykki hennar

F.h. Kennarasambands Íslands

Sigurður Óli Kolbeinsson (sign.)

Elna Katrín Jónsdóttir (sign.)

**Bókun
með samkomulagi
milli
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og
Launanefndar sveitarfélaga annars vegar
og
Bandalags háskólamanna, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og
Kennarasambands Íslands f.h. aðildarfélaga sinna, að undanskildu
Landssambandi lögreglumanna, hins vegar
um tiltekin atriði er varða réttindi starfsmanna sem eru félagsmenn
aðildarfélaga framangreindra samtaka, dagsettu 15. desember 2004**

Upp hafa komið álitamál um hvert starfsmenn eigi að beina kröfu sinni vegna tjóns er þeir verða fyrir við framkvæmd starfs síns. Á þetta hefur einkum reynt þegar í hlut eiga starfsmenn sem í starfi sínu sinna meðferð einstaklinga sem að takmörkuðu eða jafnvel engu leyti geta borið ábyrgð á gerðum sínum.

Til að auðvelda starfsmönnum að koma fram með kröfur sínar eru aðilar sammála um eftirfarandi:

Starfsmaður sem í starfi sínu sinnir einstaklingi sem að takmörkuðu eða jafnvel engu leyti getur borið ábyrgð á gerðum sínum á rétt á að beina skaðabótakröfu sinni vegna líkams- eða munatjóns að launagreiðanda. Við mat og uppgjör kröfunnar gilda almennar reglur skaðabótaréttarins.